

VELKOMIN Í ÆVINTÝRASKÓGINN!

Tónleikarnir eru um það bil klukkustundarlangir og án hlés.
Vinsamlega hafið slökkt á farsímum.

Myndirnar í tónleikaskrá málaði Þorvaldur Þorsteinsson og koma þær úr Skilaboðaskjóðunni. Myndirnar eru birtar með góðfúslegu leyfi fjölskyldunnar.

SÖNGUR DVERGANA

*Við dvergar erum dálitlir, (dálitlir)
dugmiklir og smálitlir, (smálitlir)
sniðugir og snjallir
og snillingar allir!*

*En best finnst okkur bara' að vera dvergar,
bara' að vera dvergar, dvergar,
já, best finnst okkur bara' að vera dvergar
og bardúsa við hitt og þetta smotteri.
Og barnagullin bara gera dvergar,
bara gera dvergar, dvergar.
Við lifum glöðum leikjum í,
því lífið það er heimsins besta gotteri!*

*Við stundum erum stríðnir smá, (stríðnir smá)
en stundum líka hlýðnir smá... og iðnir -- ...já!
glæðbeittir og góðir
og greindir og fróðir!*



*En best finnst okkur bara' að vera dvergar,
bara' að vera dvergar, dvergar,
já, best finnst okkur bara' að vera dvergar
og bardúsa við hitt og þetta smotteri.
Og barnagullin bara gera dvergar,
bara gera dvergar, dvergar.
Við lifum glöðum leikjum í,
því lífið það er heimsins besta gotteri!*

30
04 20
22

LITLI TÓNSPROTINN

Skilaboðaskjóðan



Jóhann G. Jóhannsson

TÓNSKÁLD

Næsta vor verða liðin þrjátíu ár síðan ég fékk í hendurnar drög að leikhandriti sem til skoðunar var í Þjóðleikhúsinu. Mér leist strax afskaplega vel á verkið. Persónur leikrítisins voru litríkar og spennandi, mér fannst þær spretta sprellífandi upp úr handritinu og fyrr en varði var ég kominn á bólakaf í ótrúlegt ævintýri með hugmyndaríku og stórskemmtilegu leikskáldi, Þorvaldi Þorsteinssyni. Í huga mér fóru að hljóma lög sem mér fannst hæfa ævintýrapersónunum vel og draga fram einkenni þeirra og stíl. Góðu persónurnar, t.d. Maddamma og dvergarnir, Rauðhetta og Hans og Gréta eignuðust þá góðleg og þægileg lög – og Mjallhvít og Putti litli sín lög nokkrum árum seinna, – en vondu persónurnar, úlfurinn, stjúpan og nornin, fengu lög með erfiðari tónbilum, seiðandi hljómfalli og hættulegum áherslum. Ég vildi þó hafa gleði og gáska í lögunum og löngu seinna áttaði ég mig á því að ef frá er talinn inngangurinn að nætursöng nornarinnar í dimmum Ævintýraskóginum eru öll sönglögin í dúr. Því má segja að þótt hættur steðji að Putta litla og Maddamma missi um tíma alla von um að hann muni bjargast, sé oftast bjart yfir tónlistinni í ævintýrinu um Skilaboðaskjóðuna.



Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson

„Það var sólskin og blíða í Ævintýraskóginum, þar sem öll ævintýrin gerast...“ Á þessum orðum hefst bók Þorvaldar Þorsteinssonar rithöfundar og myndlistarmanns (1960-2013), *Skilaboðaskjóðan*, sem kom fyrst út árið 1986 og naut mikilla vinsælda. Sagan segir frá Putta og Möddumömmu sem eiga heima í Ævintýraskóginum. Þegar Nátttröllilið rænir Putta til að breyta honum í tröllabruðu, sameinast allir íbúar skógarins um að bjarga honum áður en sólin sest. En nornin, úlfurinn og stjúpan vilja ekki vera með og þá eru góð ráð dýr. Ævintýrasöngleikur Þorvaldar og Jóhanns var frumsýndur í Þjóðleikhúsinu í nóvember 1993. Árið 2013 flutti Sinfóníuhljómsveit Íslands tónlistina í fyrsta sinn í nýjum hljómsveitarbúningi tónskáldsins.

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

LAUGARDAGINN 30. APRÍL 14:00 & 16:00



Skilaboðaskjóðan

– tónleikauppfærsla

Jóhann G. Jóhannsson

Tónlist

Þorvaldur Þorsteinsson

Texti og myndir



Sinfóníuhljómsveit Íslands

Kornilios Michailidis

hljómsveitarstjóri

Eyþór Ingi Gunnlaugsson nornin og Hans
Jóhanna Vigdís Arnardóttir Maddamma
Sigríður Thorlacius Rauðhetta, Gréta, Mjallhvít og stjúpan
Þór Breiðfjörð úlfurinn og Dreitill

Gradualekór Langholtskirkju
Sunna Karen Einarsdóttir og
Lilja Dögg Gunnardóttir kórstjórar

LÖGIN Í SKILABOÐASKJÓÐUNNI

Forleikur
Söngur Dreitils
Saumakonuvals
Vögguvísa
Áttirnar átta
Hausinn er fullur
Söngur dverganna
Skemill vakinn

Harka, parka!
Söngur Putta
Hugrenningar Rauðettu
Veislusöngur Hans og Grétu
Söngur Mjallhvítar
Vonleysisóður
Illþýðisóður
Lokasöngur

